

### **3. Færni aðstoðarfólks - fjölbreyttar tjáskiptaleiðir**

#### **3.a. Að bjóða val**

Í þessum kafla er rætt um færni sem aðstoðarfólk þarf að hafa til þess að geta tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans sem kynnt voru í kafla 2.

Fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning notar oft fjölbreyttar tjáskiptaleiðir. Það tjáir sig kannski með svipbrigðum eða hljóðum eða það hefur óáreiðanlegt talmál þannig að það gæti sagt eitt en meint annað. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að færni aðstoðarfólks í að skilja og nota fjölbreyttar tjáskiptaleiðir notanda skipti sköpum í því hversu vel þeim tókst að taka hlutverk milliliðsins eða stuðningsaðilans. Þessi færni skipti ekki síst máli í tengslum við þá aðstoð sem notandi þurfti við að fara með sjálfræði sitt. Það reynir meðal annars á aðstoðarfólkið að geta boðið notanda val við sem flestar aðstæður og að geta sett valið þannig fram að notandi hafi raunverulegt tækifæri til að tjá vilja sinn.

Oft dugar ekki að spyrja bara með orðum. Það þarf að gera valmöguleikana og valið sýnilegt og gefa meiri tíma til að svara. Það má til dæmis gera með því að nota hluti, myndrænar valtöflur á pappírformi eða gagnvirkar valtöflur í snjalltæki, eða með því að skrifa valmöguleikana á miða. Á heimasíðu Fjölmenntar má finna [glærur frá fræðsluerindi um fjölbreyttar tjáskiptaleiðir](#) þar sem farið er nánar í leiðir til að bjóða val. Það er mikilvægt að reyna að finna út hvaða leið hentar notanda best til að velja.

Verkefni: Vinnið saman tvö og tvö og hugsið um einn notanda sem þið þekkið bæði vel og sem getur illa nýtt sér talmál. Reynið að svara eftirfarandi spurningum og útbúið síðan gögnin:

- Hvaða leið hentar honum/henni best til að velja?
- Í hvaða aðstæðum væri hægt að auka val notanda? Hvaða valmöguleikar myndu höfða til hans/hennar í þessum aðstæðum?
- Útbúið gögnin sem þarf til að framkvæma valið.